

**Ed.**

**778. Nefndarálit**

[153. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum. Dr. Gaukur Jörundsson prófessor og Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri komu á fund í nefndinni og veittu upplýsingar. Eftirtaldir aðilar sendu nefndinni umsagnir um málið: Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), Neytendasamtökin, Samband hljómplötuframleiðenda (SHF) og Rithöfundasamband Íslands. Einnig barst nefndinni bréf frá Höfundaréttarnefnd og frá fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur áherslu á að gjaldtaka ríkisins verði lækkuð af þeim varningi sem getið er um í 1. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Salome Þorkelsdóttir og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson,  
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Eiður Guðnason.

Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.